

REGLUGERÐ

um niðurfellingu á reglugerð nr. 221 20. maí 1976 um framleiðslu, eftirlit og útflutning á lagmeti.

1. gr.

Með því að sjávarútvegsráðuneytið hefur hinn 17. apríl 1980 gefið út reglugerð um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti, fellur framangreind reglugerð nr. 221 20. maí 1976 úr gildi hinn 1. júlí 1980, nema II. kafli hennar, sem fellur úr gildi 1. maí 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 21. apríl 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Gisli Einarsson.

17. apríl 1980.

Nr. 238.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Miðneshreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði í Miðneshreppi eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðagjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	1.5%
Tveggja hæða raðhús, og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnaði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 140 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir: